

Reykir á Reykjaströnd:
Niðurstöður efnagreiningar vatnssýna og
staðarkönnun jarðhita

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-84-07

REYKIR Á REYKJASTRÖND:

Niðurstöður efnagreiningar vatnssýna og staðarkönnun jarðhita

Þann 4. september 1984 var farið að heitri laug í landi Reykja á Reykjaströnd í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu. Jarðhita verður vart þarna á línu með norðlægrri stefnu á um 100 m kafla. Mest rennsli er úr tveim laugum syðst á þessari línu. Laugarnar eru í fjörुकambi og við dý sem liggur vestan við og samhliða kambinum.

Hvítar útfellingar eru á steinunum við austurjaðar dýsins. Hitastig í sverðinum að SV í dýinu mældist um 16°C, sem sýnir að heitt vatn seitlar um mýrina. Stærsta laugin hefur verið grafin upp og er leitt úr henni vatn í "heitan pott" í fjörunni. Hæsta hitastig mældist 60°C, en hefur áður mælt 63°C. Rennsli var ekki mælt, en er metið vera um 1 l/s úr lauginni. Ekki reyndist unnt að tengja jarðhitann jarðfræðilegri uppbyggingu enda litlar opnur í berg við jarðhitastaðina og einungis um stutta staðarkönnun að ræða. Áður en ráðist yrði í dýrar vatnsöflunarfrámkvæmdir á staðnum yrði fyrst að fara fram mun ítarlegri jarðhitarannsókn.

Tekin voru tvö vatnssýni úr aðallauginni og eru niðurstöður efnagreiningar sýndar í meðfylgjandi töflu ásamt efnagreiningu vatnssýnis sem tekið var 1969 á sama stað. Einnig er til samanburðar efnagreining á vatni úr holu 10 á Sauðárkróki. Niðurstöður beggja nýju greininganna eru nær eins, og eldri mælingin er heldur ekki mjög frábrugðin. Eldri mælingin hefur þó lélegra jónavægi sem stafar líklega aðallega af gallaðri sýrustigsmælingu. Einnig er styrkur alkali- og jarðalkalimálma svolítið frábrugðin. Frá nýju efnagreiningunum má álykta að vatnið hafi síðast verið í jafnvægi við berg við um 75-80°C hita. Á hvaða dýpi svo heitt vatn fengist með borun er ekki hægt að segja til um frá efnagreiningunni.

Um efnainnihald vatnsins má að öðru leyti segja að það er mjög sambærilegt að efnainnihaldi við vatn frá hitaveitu Sauðárkróks (sbr. töflu). Vatnið er hæft sem neysluvatn en um hversu vel fallið það er til fiskeldis vísast til umsagnar vatnalíffræðings.

Efnasamsetning vatnssýna

Staðs.	Dags.	t °C	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F	Uppl. efni
Reykir Reykja- strönd	690917	63	9,99/20	76,0	50,0	1,53	3,03	0,06	18,5	47,1	0,58	16,8	1,40	228
"	840904	50	9,52/18	71,3	54,9	1,23	3,18	0,04	16,5	52,2	<0,05	18,4	1,16	216
"	840904	60	9,52/20	73,1	54,8	1,25	3,18	0,035	-	52,0	-	18,5	1,11	233
Sauðár- krókur H-10	690916	70	9,92/23	74,0	51,0	1,08	2,96	0,03	16,5	37,7	0,46	19,7	1,40	232

- ekki mælt